

Tillaga til 436. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. maí 2019

Tillaga bæjarstjóra að samþykkja beiðni Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi D-listans, um tímabundna lausn frá störfum bæjarfulltrúa.

Nefndarmenn 2018-2022 - 2018050091

Bæjarstjóri leggur til við bæjarstjórn að beiðni Daníels Jakobssonar, bæjarfulltrúa D-listans, um tímabundna lausn frá störfum frá 6. júní 2019 til og með 1. desember 2019 verði samþykkt.

Lagt er til að varamaður Daníels Jakobssonar í bæjarstjórn, Jónas Þór Birgisson, taki sæti Daníels í bæjarstjórn á tímabilinu og kosið verði að nýju í bæjarráð á bæjarstjórnarfundi 6. júní n.k., eins og samþykktir um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar gera ráð fyrir.

Greinargerð

Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi D-listans og formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, hefur óskað eftir tímabundinni lausn frá störfum bæjarfulltrúa frá 6. júní 2019 til og með 1. desember 2019.

Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn óskað eftir að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur sveitarstjórn þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi. Þegar aðalmaður í nefnd fær lausn frá nefndarstörfum tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, sbr. 2. mgr. 48. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosið er í bæjarráð til eins árs í senn, sbr. 27. gr. bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar. Síðast var kosið 12. júní sl. Bæjarstjórnarfundir eru áætlaðir 6. júní og 20. júní. Til þess að starfandi verði bæjarráð allt árið skal kosning fara fram á bæjarstjórnarfundi 6. júní n.k.